



FJÁRHAGSÁÆTLUN FJARÐABYGGÐAR 2026-2029

Samþykkt í bæjarstjórn
20. nóvember 2025

Jóhann Gunnsteinn Harðarson
Sviðsstjóri fjármála- og greiningarsviðs

Efnisyfirlit

Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun 2026 til 2029	6
1. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026–2029	8
1.1 Forsendur fjárhagsáætlunarinnar	8
Verðlagsforsendur	8
Skatttekjur	8
Útsvar	9
Fasteignaskattar og lóðaleiga	9
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	9
Aðrar fasteignatengdar tekjur	9
Gjaldskrár	10
Laun og launatengd gjöld	10
Almennir rekstrarliðir	10
Afskriftir	10
Fjármagnsliðir	10
Lántaka	10
1.2 Fjárfestingaráætlun	11
1.3 Lykiltölur fyrir árin 2026–2029	12
Skuldahlutfall	13
Skuldaviðmið	13
Skuldir og skuldbindingar	13
Tekjuþróun Fjarðabyggðar	14
2. Fjölskyldusvið	15
2.1 Félagsþjónusta	16
Barnavernd	16
Þjónusta við eldra fólk	17
Þjónusta við fatlað fólk	19
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	20
Barnvænt sveitarfélag	21
2.2 Fræðslumál	22
Fræðslumál	23
Leikskólar	24
Grunnskólar	24
Tónlistarskóli Fjarðabyggðar	25
Bókasöfn	25

2.3 Æskulýðs- og íþróttamál	26
Félagsmiðstöðvar	26
Sumarfrístund.....	27
Vetrarfrístund.....	28
Íþróttamannvirki	28
Styrkir og framlög til íþróttamála	29
Íþróttir í Fjarðabyggð.....	29
3. Menningar- og safnamál.....	30
3.1 Menningarstofa Fjarðabyggðar.....	30
3.2 Félagsheimili og menningarhús.....	31
3.3 Söguritun og menningararfur.....	32
3.4 Styrkveitingar og framlög.....	32
33	
4. Brunamál og almannavarnir	33
4.1 Slökkvilið Fjarðabyggðar.....	33
4.2 Sjúkraflutningar.....	34
5. Framkvæmda- og umhverfisvið	36
5.1 Veitur Fjarðabyggðar	37
5.2 Byggingar-, skipulags- og umhverfismál.....	37
Skipulags- og byggingarmál	37
Landbúnaðarmál, refa- og minkaeyðing	38
Heilbrigðis- og dýraeftirlit.....	39
Umhverfismál	39
Rekstur sorpmiðstöðvar	39
6. Mannauðs- og umbótasvið.....	40
Vinnustaðurinn Fjarðabyggð	41
Samskipti og starfspróun.....	42
Líðan starfsfólks og vinnustaðagreiningar	42
7. Skrifstofa bæjarstjóra	44
8. Fjármála- og greiningarsvið	45
9. Fjarðabyggðarhafnir	46
9.1. Almennt um Fjarðabyggðarhafnir	47
9.2. Hafnarþjónusta	48
10. Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2026	49
11. Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2026.....	53

12. Rekstrar- og efnahagsreikningur A hluta Fjarðabyggðar 2026–2029	57
13. Rekstrar- og efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2026–2029.....	61
14. Málaflokkayfirlit 2026	65
15. Málaflokkayfirlit 2027	66
16. Málaflokkayfirlit 2028	67
17. Málaflokkayfirlit 2029	68

Greinargerð bæjarstjóra um fjárhagsáætlun 2026 til 2029



Jóna Árný Þórðardóttir,
bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2026, ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2027–2029, er hér lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Að venju samanstendur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar A- og B-hluta, ásamt greinargerð. Í A-hluta er aðalsjóður og eignasjóðir, en í B-hluta eru veitustofnanir, auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar. Þá er, líkt og síðustu ár, áætlunin sett fram sameinuð í eina fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og svo næstu þriggja ára. Fjarðabyggð er í dag með mjög fjölþættan og fjölbreyttan rekstur, eins og sjá má í ítarupplýsingum sem fylgja áætluninni og vil ég þakka öllum sem hafa lagt sitt af mörkum við gerð þessarar áætlunar, starfsfólki sveitarfélagsins sem og bæjarfulltrúum, fyrir sín störf.

Íbúasamsetning í Fjarðabyggð er sífellt að breytast og við finnum það í samskiptum okkar, við fólk á öllum aldri í og í öllum byggðarkjörnum, að nýjar kynslóðir og nýir íbúar koma með nýjar væntingar og nýja sýn á það hvernig þjónustan á að virka. Þetta er lifandi og jákvætt – og það kallar á að við séum áfram opin, sveigjanleg og tilbúin til að aðlagja þjónustuna okkar til að mæta nýjum þörfum.

Við horfum ekki eingöngu á stöðuna í dag – heldur einnig á kraftmikla og spennandi framtíð samfélagsins okkar. Hér liggur sterk undirstaða fyrir áframhaldandi velferð í landshlutanum: efling samfélags, fjölbreytt atvinnulíf og innviðir sem halda áfram að þróast og styrkjast. Það eru raunverulegar vísbendingar um að Fjarðabyggð sé að verða sífellt eftirsóknarverðari búsetukostur, bæði fyrir nýjar fjölskyldur og fólk sem flytur heim aftur eftir nám og reynslu erlendis og annars staðar á landinu. Fyrirtæki og ýmsir samstarfsaðilar á svæðinu eru grunnstoðirnar í að efla samfélagið. Þessi samhljómur – á milli samfélags, atvinnulífs og sveitarfélags – er einmitt það sem skapar raunhæf og fýsileg sóknarfæri til næstu ára. Við finnum það í samtalinu við íbúa, í samtali við félög og í samtali við fyrirtæki: það er vilji, það er kraftur og það er trú á framtíð Fjarðabyggðar.

Á sama tíma vitum við að fjárhagsástand sveitarfélaga á landinu er áfram krefjandi. Verðbólga og stýrivextir hafa áhrif á kostnað og sveiflur í uppsjávarafurðum hafa bein áhrif á tekjustofna okkar – vegna umfangs hafna okkar og hlutverks Fjarðabyggðarhafna í uppsjávarkerfinu. Við erum varfærin í tekjuspá í þessari áætlun – við erum að forgangsraða í rekstri til að tryggja að reksturinn standi undir fjárfestingum.

Á árinu 2026 er ráðgert að fjárfestingar Fjarðabyggðar verði um 1.065 milljónir króna í A- og B hluta. Þetta er stór tala og hún segir okkur tvær mikilvægar staðreyndir: að við ætlum áfram að byggja upp framtíðarsamfélagið okkar – og að við ætlum að gera það með skynsamlegum hætti, innan þeirra ramma sem reksturinn getur staðið undir. Áfram er meginstefnan sú að fjárfestingar muni tengjast innviðum sem skipta máli til framtíðar; þjónustu við börn og fjölskyldur, innviðum fyrir íþrótt- og tómstundastarf og eflingu þeirra grunnstoða sem samfélagið okkar stendur á.

Helstu verklegu verkefni á næsta ári í A hluta endurspegla þetta vel: að endurnýja eldri hluta leikskólans á Eskifirði, loka stöfnum á Fjarðabyggðarhöllinni og setja upp nýja loftræstingu, klæða og skipta um glugga á B-húsi grunnskólans á Reyðarfirði, endurbyggja Íslenska stríðsárasafnið og halda áfram undirbúningi að nýju íþróttahúsi á Eskifirði, við hlið sundlaugarinnar. Þá mun Fjarðabyggð halda áfram að vinna að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Fjarðabyggð í samvinnu við ýmsa aðila. Í B hluta vinnur Hafnarsjóðurinn að áframhaldandi dýpkun við frystihúsbyggjuna á Eskifirði og endurbótum á Fáskrúðsfirði, ásamt því að móta til framtíðar uppbyggingu á Mjóeyrarhöfn. Boruð verður ný niðurdælingarhola fyrir Hitaveituna á Eskifirði, ásamt því að farið verður í heitavatnsleit á Fáskrúðsfirði. Þá verður haldið áfram að vinna að endurbótum í fráveitu, ásamt því að stafrænt vöktunarkerfi í kringum vatnsveituna verður eft.

Þetta eru allt mikilvæg verkefni, sem hvert um sig er fjárfesting í lífsgæðum framtíðarinnar – og þau eru líka mjög skýr sýn á að við erum að byggja upp innviði sem standast tíma og væntingar íbúa okkar. Þetta er jákvæð og ábyrg sókn fram á við, sem er í sjálfu sér jafnvægislist: að halda áfram að bæta þjónustuna – á sama tíma og við tryggjum að fjárhagslegur grunnur sé stöðugur og sjálfbær til lengri tíma.

Við sjáum sífellt flóknara regluumhverfi þar sem löggjöf og reglugerðum, sem fjalla um verkefni sem sveitarfélög sinna, fjölga og nýjar stefnur frá stjórnvöldum kalla í auknum mæli á samvinnu á milli stjórnkerfa. Þetta er stór hluti af því sem mótast daglega vinnu okkar – sérstaklega í þjónustu við börn, eldra fólk og fatlað fólk. Ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, auknar kröfur í upplýsingagjöf, ný viðmið í þjónustu við eldra fólk – allt þetta kallar á að við séum í stöðugu umbótastarfi.

Við höfum verið að efla umbótahugsunina í öllu okkar starfi – með skýrari verkaskiptingu, skýrari ferlum og með því að styrkja teymishugsun og efla vinnustaðamenninguna. Við ætlum að nýta betur tæknina í okkar starfi – bæði til að létta undir í daglegum rekstri og til að styðja starfsfólk með betri gögnum og betra starfsumhverfi. Skilvirk nýting á tækni getur leitt til skýrari ákvarðana og betri yfirsýnar yfir reksturinn. Ný heimasíða hefur verið tekin í gagnið, til að efla upplýsingamiðlun út á við, bókhaldskerfi Fjarðabyggðar verður uppfært með nýju viðmóti fyrir stjórnendur og nýtt innra samskiptakerfi, Fjarðabyggðarappið, verður tekið í fulla notkun til að styðja við samstarf og umbótaverkefni þvert á vinnustaði sveitarfélagsins.

Við stöndum á sterkum grunni: við erum með öflugan mannauð og við erum með samfélag sem er viljugt til að taka þátt og hefur metnað til að ná árangri. Við erum að efla og móta grunngerðina til að ná árangri til lengri tíma.

Og það er í rauninni þarna sem kjarninn liggur: að nýta tækifæri og styrkleika – ekki bara bregðast við áskorunum.

Það er gott – og það á áfram að vera gott – að búa í Fjarðabyggð.

1. Forsendur og niðurstöður fjárhagsáætlunar 2026–2029



Franskir dagar á Fáskrúðsfirði.

Ljósmynd: Gunnhildur Lind

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2026 til 2029, auk lykiltalna í niðurstöðu áætlunarinnar.

1.1 Forsendur fjárhagsáætlunarinnar

Útgönguspá ársins 2025 tekur mið af fjárhagsáætlun ársins með samþykktum viðaukum og mati á þróun nokkurra lykilstærða s.s. skatttekjum, auknum launakostnaði, nýrri þjóðhagsspá, fjárfestingum og öðrum rekstrarkostnaði.

Verðlagsforsendur

Tekið er mið af almennum forsendum samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands í nóvember 2025, um að almenn verðlagsbreyting verði 3,2% á milli áranna 2025 og 2026 en almenn nafnverðshækkun launa verði um 4,9% á milli sömu ára.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2026–2029 er stuðst við sömu spá um þróun verðlags á milli hverra ára, en áhrifin einungis reiknuð á fjármagnsliði. Spá Hagstofu Íslands er um 2,6% hækkun verðlags á milli áranna 2026 og 2027 og 2,5% á milli áranna 2027 og 2028 og einnig á milli 2028 og 2029. Þriggja ára áætlunin byggir á magnbreytingum. Gert er ráð fyrir föstu verðlagi á rekstrarþáttum, þ.m.t. tekjum, launum og öðrum rekstrarkostnaði, afskriftir eru reiknaðar miðað við þróun eigna og fjárfestinga en fjármagnsliðir taka mið af verðlagsbreytingum samkvæmt spá.

Skatttekjur

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 8.644 milljónum króna. Skatttekjur samanstanda af útsvari, staðgreiðslu, framlögum Jöfnunarsjóðs, fasteignaskatti og lóðaleigu. Nánar verður vikið að einstökum liðum skatttekna hér að neðan.

Útsvar

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,97%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri, fjárfestingum og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að laun í Fjarðabyggð hækki almennt í samræmi við almenna launapróun, eða um 4,9% frá árinu 2025. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski á Íslandi, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hafa því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Mikil óvissa er um veiðiheimildir í loðnu á árinu 2026 og er ekki gert ráð fyrir loðnuveiðum á árinu 2026 en miðað er við að veiðar haldist lítt breyttar í öðrum tegundum uppsjávarfisks. Gert er ráð fyrir að staðgreiðslutekjur vaxi á árinu 2026 um 4,9% frá upphaflegri áætlun ársins 2025, en að tekjurnar hækki um 6,5% frá spá um staðgreiðslutekjur á árinu 2025. Mat á spá fyrir útsvarstekjum er varfærið en getur mögulega hækkað ef leyfðar verða meiri loðnuveiðar á árinu 2026 en nú er útlit fyrir.

Fasteignaskattar og lóðaleiga

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis verði óbreytt á milli ára eða 0,4%. Einnig að álagningarhlutfall lóðaleigu, á opinbert húsnæði og atvinnuhúsnæði verði óbreytt á milli ára.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðaleigu er byggt á útgefnu fasteigna- og lóðamati frá Þjóðskrá Íslands, sem gildir fyrir árið 2025. Samkvæmt útgefnu mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnæðis um 8,5% og matsstofn atvinnuhúsnæðis hækkar um 8,8%. Samtals nemur hækkun tekna af fasteignaskatti um 8,7% vegna breytinga á fasteignamatsstofni.

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verði óbreytt eða 0,4%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verði óbreytt eða 1,32%.
- Álagningarhlutfall lóðaleigu íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,7%.
- Álagningarhlutfall lóðaleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur og lóðaleigu um rúmar 77 milljónir króna frá árinu 2025, eða um 8,7%. Áætlað er að hækka veittan afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkuþega á árinu 2026, í samræmi við þróun fasteignamats íbúðarhúsnæðis og launa, og að afslátturinn nemi tæpum 27 milljónum króna. Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 16,5 milljónir króna á milli ára, sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að framlög frá Jöfnunarsjóði á árinu 2026 verði í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins fyrir árið 2026 eða árið 2025, eftir því hvort fyrir liggur áætlun hjá sjóðnum, og nemi samtals 1.919 milljónum króna á árinu. Framlög Jöfnunarsjóðs eru almennt haldin mikilli óvissu og því erfitt að áætla þau.

Aðrar fasteignatengdar tekjur

Vatnsgjald:

Álagning vatnsgjalds hækkar á árinu 2026. Fastagjald vatnsveitu verður 5.179 krónur og fermetragjald 424 krónur, hækkunin nemur um 3,9%. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 208 milljónir króna og hækka um 6 milljónir króna frá árinu 2025.

Fráveitugjald:

Álagningarhlutfall fráveitugjalds verður óbreytt frá fyrra ári eða 0,3232% af fasteignamatstofni. Tekjur af fráveitugjaldi eru áætlaðar um 312 milljónir króna á árinu 2026 og hækka þær um 12 milljónir króna á milli ára.

Sorphreinsunar- og sorpförgunargjald:

Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs vegna íbúðarhúsnæðis verður samkvæmt sérstakri gjaldskrá og eru gjöld mismunandi eftir úrgangsflokki og stærð íláta. Jafnframt verður lagt á fast gjald til reksturs grenndar- og móttökustöðva á allar fasteignir sveitarfélagsins í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Gjöldin verði innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldskrár

Fjárhagsáætlunin byggir á að almenn hækkun þjónustutekna í Fjarðabyggð verði 3,9% á árinu 2026. Það er markmið sveitarfélagsins að standast samanburð við önnur sveitarfélög þegar kemur að gjaldskrár vegna þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2026 byggist á áætlunum stjórnenda, einstakra sviða og stofnana, um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Auk þess eru teknar til hliðar um 85 milljónir í óviss útgjöld til að mæta mögulegum veikindalaunum. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 6.827 milljónir króna hjá samstæðu A- og B hluta á árinu 2026, að meðtalinni hækkun lífeyrisskuldbindinga.

Almennir rekstrarliðir

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A- og B hluta, utan afskrifta, nemi samtals 3.645 milljónum króna á árinu 2026. Gert er ráð fyrir 20 milljónum króna framlagi úr A hluta til félagslegra íbúða, vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs íbúðarhúsnæðis.

Afskriftir

Afskriftir fastafjármuna eru reiknaðar í samræmi við afskriftarhlutföll, áætlaðan líftíma eigna, fjárfestingar ársins og aðrar breytingar á fastafjármunum.

Fjármagnsliðir

Verðbólga er áætluð 3,2% á milli áranna 2025 og 2026 og 2,6% á milli áranna 2026 og 2027 og 2,5% á milli ára eftir það. Er þessi áætlun í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að sumri 2025. Fjarðabyggð skuldar ekki lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum. Langtímalán innan samstæðu, þ.e. á milli A- og B hluta, eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir. Vaxtakostnaður í áætluninni miðast við núverandi vaxtakjör á skuldbindingum.

Lántaka

Til að fjármagna fjárfestingar Fjarðabyggðar á komandi árum, bæði í A- og B hluta, er ekki gert ráð fyrir að taka önnur langtímalán á árunum 2026-209 en hjá Ofanflóðasjóði. Áætluð lántaka nemur um 20 milljónum króna á hverju ári. Lántaka hjá Ofanflóðasjóði tengist framkvæmdum við ofanflóðavarnir og er sú lántaka Fjarðabyggð mjög hagstæð.

1.2 Fjárfestingaráætlun

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2026 nema samtals 1.065 milljónum króna í A hluta og B hluta. Heildar fjárfesting næstu fjögurra ára er áætluð tæplega 3,5 milljarðar króna og þar af um 1.120 milljónir króna í A hluta, að meðtöldum fjárfestingum í stofnframlögum til húsnæðisfélaga við byggingu íbúðarhúsnæðis fyrir tekju- og eignalaga.

Fjárfestingaráætlun 2026-2029

	Fjárfesting 2026	Fjárfesting 2027	Fjárfesting 2028	Fjárfesting 2029
A hluti:				
<i>Fasteignir og önnur mannvirki</i>				
Leikskólinn Dalborg.....	90.000	0	0	0
Íþróttahús Eskifirði, hönnun, skipulags- og jarðvegsvinna.....	100.000	0	0	0
Nesskóli, lóð.....	0	40.000	0	0
Nesskóli, klæðning ofl.....	0	45.000	40.000	0
Grunnskólinn á Reyðarfirði, klæðning og gluggar.....	35.000	40.000	0	0
Fjarðabyggðarhöllin, loka stöfnum og loftræsting.....	100.000	0	0	0
Grunnskólinn á Fáskrúðsfirði, þakklæðning.....	0	40.000	0	0
Stríðsárasafnið.....	40.000	0	0	0
Breiðdalsskóli, stækkun leikskólans á Breiðdalsvík.....	0	0	15.000	0
Breiðdalsskóli, Seinni áfangi kerfisloft og loftræsting.....	0	0	45.000	0
Íþróttahúsið á Fáskrúðsfirði, endurnýjun á íþróttadúk.....	0	0	10.000	0
Íþróttahúsið á Neskaupstað, endurnýjun á íþróttadúk.....	0	0	15.000	0
Ofanflóðavarnir á Eskifirði.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Snjóflóðavarnir í Neskaupstað.....	5.000	5.000	5.000	5.000
Óráðstafað.....	0	0	0	130.000
Tækjamiðstöðin.....	25.000	30.000	35.000	35.000
	400.000	205.000	170.000	175.000
Gatnaframkvæmdir óstaðsettar.....	50.000	30.000	30.000	30.000
Hjóla- og göngustígar.....	15.000	15.000	15.000	15.000
Leiksvæði.....	10.000	10.000	10.000	10.000
Gatnagerðargjöld.....	(30.000)	(30.000)	(30.000)	(30.000)
	45.000	25.000	25.000	25.000
A hluti samtals.....	445.000	230.000	195.000	200.000
B hluti:				
Hafnarsjóður.....	450.000	450.000	450.000	450.000
Hitaveita Fjarðabyggðar.....	60.000	10.000	10.000	10.000
Fráveita.....	60.000	60.000	60.000	60.000
Vatnsveita.....	30.000	30.000	30.000	30.000
Félagslegar íbúðir.....	15.000	10.000	10.000	10.000
Sorpmiðstöð.....	5.000	5.000	5.000	5.000
B hluti samtals.....	620.000	565.000	565.000	565.000
Samtals A og B hluti.....	1.065.000	795.000	760.000	765.000
Fjárfesting í félögum				
Veitt stofnframlög til húsnæðisfélaga.....	50.000	0	0	0

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna. Árin 2027 - 2029 er stefnumörkun um fjárfestingar en ekki bindandi ákvörðun

1.3 Lykiltölur fyrir árin 2026–2029

Hér að neðan er tafla sem lýsir afkomutölum og reiknuðum stærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árin 2026 til 2029, bæði fyrir A hluta og samstæðu, í samanburði við ársreikning Fjarðabyggðar fyrir árin 2023 og 2024 og vænta útkomuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2025.

Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir							
A hluti:	Ársreikn. 2023	Ársreikn. 2024	Útgönguspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarniðurstaða	(102.440)	418.782	182.900	261.862	275.130	288.764	282.649
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	8,7%	10,9%	9,3%	9,3%	9,3%	9,3%	9,3%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	11,0%	14,3%	9,8%	9,6%	9,2%	9,2%	9,1%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	2,2	3,2	2,3	2,3	2,2	2,1	2,0
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	4,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	3,3%	4,1%	4,1%	3,7%	1,9%	1,6%	1,7%
Endurgreiðslutími skulda.....	28	31	31	30	29	27	26
Veltufjárhlutfall.....	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,6
A + B hluti:	Ársreikn. 2023	Ársreikn. 2024	Útgönguspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarniðurstaða	408.894	1.077.290	747.879	792.727	827.278	847.690	837.419
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	16,0%	18,3%	15,8%	15,1%	15,1%	15,1%	15,1%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	15,9%	20,9%	16,3%	15,6%	15,6%	15,8%	15,9%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	3,0	4,7	4,1	4,0	3,8	3,8	3,6
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	4,4%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	7,4%	9,2%	10,4%	10,1%	7,9%	8,0%	8,6%
Endurgreiðslutími skulda.....	20	23	24	22	20	19	17
Veltufjárhlutfall.....	0,9	1,1	1,1	1,1	1,2	1,4	1,5

Háar afborganir af langtímalánum skýra að mestu lágt veltufjárhlutfall, en veltufjárhlutfall Fjarðabyggðar er áætlað um 1,1 í árslok 2025. En þegar líða fer á spátímann fara afborganir lækkandi og veltufjármunir hækkandi og þar með hækkar veltufjárhlutallið upp í 1,5 í árslok 2029.

Eitt skilyrði sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði nær Fjarðabyggð öll árin, bæði í samstæðunni í heild og í A hluta.

Framlegð af tekjum samstæðu, samkvæmt þessari fjárhagsáætlun, mun haldast í kringum 15% á áætlunartímanum. Framlegð af tekjum A hluta verður á áætlunartímabilinu í kringum 9%.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 20,9% á árinu 2024 og verður um 15%–16% árin 2025–2029 fyrir samstæðu Fjarðabyggðar.


Fjárfestingar sem hlutfall af skuldum verða um 8%–10% árin 2025–2029. Meðalendurgreiðslutími skulda, þ.e. afborganir deilt með heildarskuldum í lok árs, verður um 17–22 ár á áætlunartímabilinu.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall samstæðu A- og B hluta lækkar úr um 116% á árinu 2022, niður í um 73% árið 2029. Nánar má sjá þróun skuldahlutfalls í töflu og á mynd hér að neðan. Skuldahlutfall A hluta fer lækkandi en lækkar minna en skuldahlutfall samstæðunnar, vegna aukningar í skuldum A hluta við B hluta fyrirtæki.

	2022	2023	2024	2025*	2026*	2027*	2028*	2029*
Skuldahlutfall A+B hluta	116,1%	107,9%	101,2%	94,8%	86,5%	82,5%	78,1%	73,3%
Skuldahlutfall A hluta	145,3%	138,6%	137,6%	132,3%	123,2%	122,3%	121,2%	119,9%

* Samkvæmt áætlun




Skuldaviðmið

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, skal skuldaviðmið fyrir A- og B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum.

Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið samstæðu A- og B hluta, eins og það er skilgreint í sveitarstjórnarlögum og í reglugerð nr. 502/2012, lækki frá um 72% í árslok 2024 í um 40% í árslok 2029. Skuldaviðmið A hlutans lækkar frá um 100% í árslok 2024, niður í um 75% árið 2029.


	2022	2023	2024	2025*	2026*	2027*	2028*	2029*
Skuldaviðmið A+B hluta	89,9%	80,4%	72,3%	67,4%	60,5%	54,2%	47,1%	39,8%
Skuldaviðmið A hluta	113,0%	104,6%	100,1%	96,3%	89,1%	85,0%	80,3%	75,6%
Hámark skuldaviðmiðs	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%

* Samkvæmt áætlun



Skuldir og skuldbindingar

Hér að neðan er mynd sem lýsir þróun skulda og skuldbindinga Fjarðabyggðar á árunum 2024-2029 samkvæmt ársreikningi ársins 2024, útgönguspá ársins 2025 og tillögu að fjárhagsáætlun áráanna 2026-2029. Gert er ráð fyrir að langtímalán við lánastofnanir lækki frá árinu 2024 úr tæpum 5,5 milljörðum króna niður í 3,4 milljarða króna í árslok 2029 á verðlagi hvers árs. Lifeyrisskuldbindingar muni lækka lítillega, eða úr rúnum 3,7 milljörðum króna í árslok 2024, og nema um 3,6 milljörðum króna í árslok 2029. Skammtímaskuldir haldast svipaðar en þær voru tæpur 1,8 milljarður króna í árslok 2024 en verða 1,9 milljarður króna í árslok 2029.




Tekjuþróun Fjarðabyggðar

Tekjur Fjarðabyggðar hafa breyst nokkuð á undanförunum árum og munu einnig breytast á árunum 2025 og 2026. Hér að neðan er tafla sem lýsir þróun tekna samstæðu Fjarðabyggðar.

Skatttekjur munu í krónum talið vaxa um 1,7 milljarða króna frá árinu 2021 til 2026, á verðlagi hvers árs. Jöfnunarsjóðsframlög hafa sveiflast á tímabilinu en hafa í heildina hækkað um 809 milljónir króna frá árinu 2021, breytingin stafar af breytingum í málaflokki fatlaðra, nýju framlagi vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða, framlagi vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps, en það framlag féll niður frá og með árinu 2025. Jafnframt hafa verið sveiflur í útgjaldajöfnunarframlagi.

Áætlað er að aðrar tekjur muni aukast um 748 milljónir króna á verðlagi hvers árs á milli áráanna 2021 til 2026.



2. Fjölskyldusvið



Neistaflug, knattspyrnuvellinum í Neskaupstað.

Ljósmynd: Neistaflug

Fjölskyldusvið fer með málefni félagsþjónustu, barnaverndar, grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, æskulýðs- og íþróttamála og frístundamála barna og ungmenna. Fjölskyldusvið vinnur skipulega að samhæfingu starfseminnar með fjölbreyttum úrræðum í þjónustu við skóla, íþróttastofnanir og samfélagið í heild. Markmið alls starfs fjölskyldusviðs er að Fjarðabyggð verði enn betri staður fyrir allar fjölskyldur.

Fjölskyldusvið er þátttakandi í verkefnunum Heilsueflandi samfélag og Barnvænt sveitarfélag, og stendur innleiðing yfir.

Á árinu 2025 hóf fjölskyldusvið innleiðingu nýs verklags í barnaverndarþjónustu, Merki um öryggi (e. Signs of safety). Innleiðingin er í samræmi við áherslur framkvæmdaáætlunar ríkisins á sviði barnaverndar fyrir árin 2023–2027. Þar voru samþykktar umfangsmiklar úrbætur á þjónustu við börn. Hugmyndafræði Merkis um öryggi (e. Signs of safety) var á meðal verkefna sem stjórnvöld settu á oddinn. Gert er ráð fyrir heildrænni innleiðingu, Merkis um öryggi, í þjónustu við börn og fjölskyldur á landsvísu.

Á árinu 2024 hóf Fjarðabyggð, undir merkjum fjölskyldusviðs, þátttöku í tilraunaverkefninu Gott að eldast, sem Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið standa að. Megin þungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem annars vegar ríkið sér um og hins vegar sveitarfélögin. Stefnt er að samþættri þjónustu heimastuðnings og heimahjúkrunar á árinu 2025.

2.1 Félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustu er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur til að lifa sjálfstæðu, virku og innihaldsríku lífi. Félagsþjónustan leitast við að efla trú á eigin getu, byggja upp öryggi og stuðning og skapa aðstæður sem stuðla að virkni, þátttöku og ábyrgð.


Félagsþjónustan vinnur að forvörnum og snemmtækri íhlutun, þannig að gripið sé inn í vanda einstaklinga og fjölskyldna sem fyrst. Allt starf félagsþjónustunnar byggir á virðingu, mannréttindum og trú á að hver einstaklingur hafi styrk til að taka stjórn á eigin lífi, með eða án stuðnings.

Félagsþjónustan starfar samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, ásamt öðrum lögum sem við eiga hverju sinni.

Helstu verkefni félagsþjónustunnar eru:

- a) Barnavernd
- b) Þjónusta við eldra fólk og öryrkja
- c) Þjónusta við fatlað fólk
- d) Þjónusta við börn og ungmenni
- e) Félagsleg ráðgjöf

Fjárhagsaðstoð er liður í almennri félagsþjónustu. Á súluritinu hér að neðan má sjá þróun í fjölda umsókna um fjárhagsaðstoð á árunum 2019–2025.



Barnavernd

Barnaverndarþjónustur Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar voru sameinaðar árið 2023, með samstarfssamningi sveitarfélaganna. Samningurinn er endurskoðaður reglulega með tilliti til forsendna hans.

Barnavernd hefur það meginmarkmið að tryggja að börn búi við öruggar aðstæður, njóti verndar og umönnunar við hæfi. Hlutverk barnaverndar er að bregðast við þegar velferð,

þroski eða öryggi barns er í hættu, styðja fjölskyldur við að leysa vanda og koma í veg fyrir að aðstæður þróist á verri veg. Starfið byggir á barnaverndarlögum nr. 80/2002.


Áhersla er lögð á að allar ákvarðanir séu teknar með hagsmuni barns að leiðarljósi.

Til að efla gæði og samræmi í barnaverndarstarfi á Íslandi, tóku stjórnvöld ákvörðun um innleiðingu aðferðarfræðinnar Merki um öryggi (e. Signs of Safety) í allt barnaverndarstarf landsins. Innleiðingin hófst fyrir allt starfsfólk barnaverndarþjónustu haustið 2025 og stendur hún yfir í þrjú ár.

Aðferðarfræðin byggist á styrkleikamiðaðri nálgun, þar sem áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og tengslanet barns, virðingu, gegnsæi og sameiginlegar lausnir.

Hægt er að ná í starfsfólk barnaverndarþjónustu allan sólarhringinn vegna neyðartilvika í gegnum 1-1-2 og lögreglu.

Hér fyrir neðan má sjá þróun í fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónustunnar í Fjarðabyggð á árunum 2021–2025.



Þjónusta við eldra fólk

Í Fjarðabyggð er boðið upp á fjölbreytta þjónustu fyrir eldra fólk, sem miðar að því að styðja við sjálfstæði fólks og gera þeim kleift að búa á heimili sínu eins lengi og mögulegt er.

Heimastuðningur er veittur eftir stuðningsþörfum fólks, s.s. við daglegar athafnir, heimilishald, innkaup, erindarekstur og félagslegan stuðning. Boðið er upp á heimsendan mat fyrir þá sem ekki eru færir um að annast matseld sjálfir.

Í Neskaupstað eru þjónustuíbúðir fyrir eldra fólk, en þar geta allir íbúar sveitarfélagsins sótt um íbúð. Á Breiðdalsvík er boðið upp á dagvist fyrir eldra fólk, þar sem hægt er að taka þátt í félagsstarfi, borða hádegismat og njóta samveru. Allir íbúar sveitarfélagsins geta sótt um að nýta dagvistina.


Nokkur félög eldri borgara eru í sveitarfélaginu, en þau halda úti fjölbreyttu félagsstarfi sem miðar að því að auka félagslega þátttöku og draga úr félagslegri einangrun.


Eldra fólki er boðið að taka þátt í heilsueflingar- og forvarnarverkefni Janusar. Verkefnið er framtak sem miðar að því að efla lífsgæði, virkni og velferð íbúa og styður við eldra fólk til að það geti notið sjálfstæðis og innihaldsríks lífs. Janus er hluti af stefnu sveitarfélagsins um að byggja upp samheldið, virkt og heilsueflandi samfélag.

Fjarðabyggð er þátttakandi í þróunarverkefninu Gott að eldast, ásamt Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA). Verkefnið miðar að því að samþætta þjónustu við eldra fólk á svæði sveitarfélagsins. Markmiðið er að skapa heildstæða, samfellda og einstaklingsmiðaða þjónustu, þar sem félagsþjónusta og heilbrigðisþjónusta vinna saman að því að styðja eldra fólk til að búa sem lengst á eigin heimili, við öryggi og góða líðan.

Í ágúst árið 2024 bjuggu 5.471 (nýjustu tölur frá Byggðastofnun) íbúi í Fjarðabyggð, samkvæmt skráningu Þjóðskrár. Meðalaldur íbúa í sveitarfélaginu eru 39 ár. Til samanburðar var íbúafjöldi í Fjarðabyggð (Breiðdalshreppur meðtalinn) árið 2010, 4.851 einstaklingur og meðalaldurinn 36,4 ár. Samfélagið er að eldast og stuðningsþarfir einstaklinga aukast í takti við það. Hér að neðan er mynd sem lýsir hlutfallslegri skiptingu íbúa, sem eru 60 ára og eldri annars vegar og 80 ára og eldri hins vegar, eftir byggðakjörnum Fjarðabyggðar.

Upplýsingar eru fengnar af vef Byggðastofnunar.





Á hverjum tíma eru um 140–160 eldri einstaklingar og öryrkjar að fá ýmiskonar stuðningsþjónustu frá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar.

Árið 2025 var heimastuðningur veittur til um 160 eldri einstaklinga og öryrkja í Fjarðabyggð.

Þjónusta við fatlað fólk

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem fullgiltur var á Íslandi árið 2016, er leiðarljós Fjarðabyggðar í þjónustu við fatlað fólk.

Þjónusta við fatlað fólk byggir á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hefur það meginmarkmið að styðja sjálfstæði og þátttöku einstaklinga í samfélaginu.


Markmið þjónustunnar er að fólk eigi kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma, til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir. Þjónustan miðar að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að geta notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.

Helstu þættir í þjónustu við fatlað fólk á vegum Fjarðabyggðar eru einstaklingsbundin stuðningsþjónusta innan og utan heimilis, ráðgjöf og fræðsla til skóla og fjölskyldna, sólarhringsþjónusta í búsetuþjónustu, þjónusta stuðningsfjölskyldna, skammtímadvöl og akstursþjónusta. Lengd viðvera er í boði fyrir fötluð börn, auk vetrarfrístundar í lengri fríum grunnskólanna.

Á árinu 2025 var mikilvægt skref stigið í þróun þjónustunnar, þegar nýr búsetukjarni var opnaður á Reyðarfirði. Þar er heimili fyrir fatlað fólk, með fjölbreyttan stuðning sem miðast við þarfir hvers og eins íbúa. Samhliða opnun búsetukjarnans, var opnuð skammtímadvöl fyrir fötluð börn. Það er aukin þjónusta og veitir mikilvægan stuðning við fjölskyldur og aðstandendur.

Árið 2022 bjuggu 19 einstaklingar, á aldrinum 1–67 ára, með umfangsmiklar stuðningsþarfir í Fjarðabyggð. Þar af voru 11 börn. Árið 2025 búa 26 einstaklingar, á aldrinum 1–67 ára, með

umfangsmiklar stuðningsþarfir í Fjarðabyggð, þar af 13 börn. Hér að neðan er tafla sem lýsir þróun síðustu þriggja ára á myndrænan hátt.



Umfangsmiklar stuðningsþarfir eru skilgreindar út frá stöðluðu mati á stuðningsþörfum (SIS-C og SIS-A mat). Þjónusta samkvæmt því er sú þjónusta sem er umfram það sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og/eða er innan annarrar grunnþjónustu.


Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar starfar samkvæmt lögum um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þjónustan er stigskipt og styður við að börn og fjölskyldur þeirra fái stuðning við hæfi á réttum tíma, allt frá almennri grunnþjónustu til sérhæfðari aðstoðar þegar þörf krefur.

Verkefnið er leitt af stýrihópi farsældar, þar eiga sæti fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Verkmenntaskóla Austurlands (VA), lögreglu, bæjarstjóri, stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu, stjórnandi félagsþjónustu og barnaverndar, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og verkefnisstjóri íþrótt- og tómstundamála.


Unnið er að því að setja á fót farsældarráð á Austurlandi, undir stjórn verkefnastjóra farsældarráðs hjá Austurbrú. Í ráðinu mun Fjarðabyggð eiga tvo fulltrúa, sem munu vinna að samræmingu og þróun þjónustu í þágu farsældar barna á svæðinu.

Í fyrsta sinn er kveðið á um samræmda mælikvarða, sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna á þremur þjónustustigum. Með samræmdri stigskiptingu fæst yfirsýn yfir þjónustukerfi og mynd af því hvernig hægt er að tryggja skilvirka og samfellda þjónustu við hæfi allra barna.



Barnvænt sveitarfélag

Fjarðabyggð vinnur að því að verða barnvænt sveitarfélag. Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Verkefnið er í umsjá UNICEF á Íslandi, sem veitir ráðgjöf og fræðslu, en deildarstjóri tómstunda og forvarnarmála heldur utan um innleiðingu verkefnisins í Fjarðabyggð. Innleiðingarhringur Barnvænna sveitarfélaga inniheldur átta skref og það tekur að lágmarki tvö ár að ljúka við fyrsta hringinn. Að honum loknum heldur sveitarfélag, sem ætlar sér að viðhalda viðurkenningunni, innleiðingunni áfram og setur sér ný markmið. Skrefin eru: staðfesting, stöðumat, fræðsla, aðgerðaráætlun, framkvæmd, skýrsla, mat og viðurkenning og loks ný markmið og endurmat. Fjarðabyggð er að ljúka við stöðumatið, sem er jafnframt umfangsmesta skref verkefnisins. Í stöðumatinu er leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir lagðar fyrir nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar og starfsfólk Fjarðabyggðar, ungmennaping var haldið og tekin voru viðtöl við ákveðna sérfræðihópa barna. Auk þess var í Fjarðabyggð ákveðið að taka viðtöl við börn af erlendum uppruna. Næsta skref er að taka saman niðurstöður úr stöðumatinu og er hlutverk sveitarfélagsins að forgangsraða því sem fram kemur og reyna að verða við þeim ábendingum sem fram koma. Í aðgerðaráætlun þarf svo að vísa í niðurstöður stöðumatsins, hvað er það sem veldur því að sveitarfélagið ákveður að fara í tiltekna aðgerð.



2.2 Fræðslumál

Undir fræðslumál fellur starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, bókasafna, skólafrístundar og skólapijónustu.

Leikskólarnir eru fimm, þar af einn innan Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla, með tveimur deildum í sitt hvorum byggðarkjarnanum. Leikskólarnir bjóða upp á nám fyrir 1–5 ára nemendur. Samtals er áætlaður fjöldi nemenda í leikskólunum 296 og stöðugildi starfsfólks eru um það bil 89.

Grunnskólarnir eru fimm og þeir bjóða upp á nám fyrir 6–16 ára nemendur og við þá alla er boðið upp á skólafrístund fyrir nemendur í 1. –4. bekk. Alls er gert ráð fyrir 667 nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar á skólaárinu 2025–2026. Á frístundaheimilum er gert ráð fyrir um 130 nemendum. Í grunnskólum, bókasöfnum og frístundaheimilum er starfsfólk í um 148 stöðugildum.



Tónlistarskóli Fjarðabyggðar þjónar öllum íbúum sveitarfélagsins. Í honum eru um 300 nemendur og þar er starfsfólk í um 16 stöðugildum. Starfsstöðvar eru á sex stöðum.

Skólapijónusta Fjarðabyggðar er hluti af fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, þar eru fjögur stöðugildi. Þar fækkar um eitt stöðugildi á milli ára en áætlað er kaupa meiri þjónustu af sérfræðingum á mismunandi sviðum. Skólapijónustu er sinnt af stjórnanda fræðslumála og skólapijónustu, tveimur kennsluráðgjöfum og sálfræðingi, einnig er ýmis þjónusta keypt af verktökum.

Í skólum Fjarðabyggðar er starfsfólk í samtals um 254 stöðugildum og skiptast starfsfólk og nemendur eftir skólum eins og hér segir:

- Í leikskólanum Eyrarvöllum á Norðfirði er gert ráð fyrir 101 nemanda að jafnaði. Í skólanum er starfsfólk í um 27 stöðugildum.
- Í leikskólanum Dalborg á Eskifirði er gert ráð fyrir 45 nemendum að jafnaði. Í skólanum er starfsfólk í tæpum 17 stöðugildum.
- Í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði er gert ráð fyrir 91 nemanda að jafnaði. Í skólanum er starfsfólk í rúmum 27 stöðugildum.
- Í leikskólanum Kærabæ á Fáskrúðsfirði er gert ráð fyrir 41 nemanda að jafnaði. Í skólanum er starfsfólk í 12 stöðugildum.
- Við skólamötuneyti Fáskrúðsfjarðar eru tvö stöðugildi.
- Í Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla er gert ráð fyrir um 18 leikskólanemendum og 31 grunnskólanemanda. Gert er ráð fyrir að einn nemandi nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Við skólann er starfsfólk í 18 stöðugildum, 12 í grunnskóla og sex í leikskóla. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum.
- Í Nesskóla er gert ráð fyrir um 190 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 40 nemendur nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum er starfsfólk í um 36 stöðugildum.
- Í Eskifjarðarskóla er gert ráð fyrir um 142 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 35 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum er starfsfólk í um 32 stöðugildum.
- Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er gert ráð fyrir um 201 nemanda að jafnaði. Gert er ráð fyrir að 40 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum er starfsfólk í rúmlega 36 stöðugildum.

- Í Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar er gert ráð fyrir um 103 nemendum að jafnaði. Gert er ráð fyrir að um 15 þeirra nýti sér þjónustu frístundaheimilis. Í skólanum er starfsfólk í 23 stöðugildum.



Fræðslumál

Starfsáætlanir í fræðslumálum taka mið af áherslum fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar. Áhersla er lögð á innleiðingu farsældarlaganna og þróun samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna, í takt við þarfir skólasamfélagsins í Fjarðabyggð. Skólarnir njóta fjölbreyttrar stoðþjónustu, frá skólaþjónustu og öðrum sérfræðingum Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar. Verkefnisstjóri farsældar, sem er staðsettur á fjölskyldusviði, vinnur með


tengiliðum farsældar, sem starfa í öllum leik- og grunnskólum. Þjónustan er nærþjónusta, sem veitt er í öllum byggðarkjörnum í húsnæði leik- og grunnskóla í Fjarðabyggð.

Áfram verður unnið að því að styrkja skapandi nám í tengslum við Menningarstofu Fjarðabyggðar. Samstarfi grunnskólanna og Verkmenntaskóla Austurlands, um verklega kennslu fyrir nemendur í níunda og tíunda bekk, verður einnig haldið áfram.

Leikskólar


Í starfi leikskólanna er lögð áhersla á lærdómssamfélag, um leiðir til að styðja börn til náms og þroska, Uppeldi til ábyrgðar og snemmtæka íhlutun. Leikskólar Fjarðabyggðar vinna eftir handbók í snemmtækri íhlutun, með áherslu á málþroska og læsi, sem unnin var skólaárið 2019–2020 í samvinnu við Menntamálastofnun og Skólaskrifstofu Austurlands. Þróun samstarfs á milli skólanna heldur áfram, samhliða því að hver skóli vinnur með sérstöðu hvers byggðakjarna.

Við úthlutun á tímamagni er gengið út frá samþykktum úthlutunarreglum. Skipulagsdagar leikskóla verða sex á ári og sumarlokun verður áfram fjórar vikur eða 20 virkir dagar.



Grunnskólar

Í starfi skólanna nú er sérstök áhersla lögð á lærdómssamfélag um innra mat, innleiðingu endurskoðaðrar aðalnámskrár, leiðsagnarnám, innleiðingu farsældar vinnunnar og Uppeldi til ábyrgðar. Í Fjarðabyggð er unnið eftir aðferðafræði byrjendalæsis við læsiskennslu í 1.–4. bekk. Við úthlutun á tímamagni til grunnskóla og frístundaheimila er gengið út frá gildandi úthlutunarreglum. Skólamáltíðir nemenda eru gjaldfrjálsar.



Tónlistarskóli Fjarðabyggðar

Sýn Tónlistarskóla Fjarðabyggðar er sú að tónlist eigi erindi við alla og að allir geti stundað tónlistarnám á eigin forsendum, í umhverfi sem er hvetjandi og lifandi. Stefnt er að því að bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám sem fullnægir þörfum sem flestra íbúa.

Í starfi skólans er áfram lögð áhersla á samhæfingu innra starfs skólans, eftir sameiningu tónlistarskólanna í Fjarðabyggð í einn vorið 2024. Skólinn heldur einnig áfram að þróa samstarf grunnskóla og leikskóla og þátttöku í fjölbreyttum samstarfsverkefnum. Nemendur taka þátt í leiksýningum og hátíðum á vegum skólanna, heimsækja hjúkrunarheimili og leika og syngja fyrir heimilisfólk, koma fram á ýmsum viðburðum í heimabyggð og taka þátt í keppnum og fleira mætti telja.

Bókasöfn

Bókasöfnin í Fjarðabyggð eru samsteypusöfn og þjóna bæði almenningi og nemendum í Fjarðabyggð. Bókasöfnin í Fjarðabyggð eru sex. Þau eru á Breiðdalsvík, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði. Öll söfnin eru staðsett í húsnæði grunnskólanna. Söfnin eru mikilvægur liður í starfi skólanna, þau búa yfir góðum safnkosti og boðið er upp á fjölbreytta þjónustu fyrir börn, unglinga og fullorðna, fyrirtæki og stofnanir.

2.3 Æskulýðs- og íþróttamál



Sundlaug Eskifjarðar

Ljósmynd: Bjarki Jóhannson

Undir æskulýðs- og íþróttamál falla málefni tómstunda- og íþróttamiðstöðva, forvarna og annarra íþróttamála.

Félagsmiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru sex og eru þær staðsettar í byggðarkjörnunum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur. Félagsmiðstöðvarnar starfa níu mánuði ársins, frá september og fram í maí.

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins. Þeim tilheyra sex íþróttahús í byggðarkjörnunum frá Neskaupstað til Breiðdalsvíkur. Fjórar útisundlaugar eru í Fjarðabyggð, á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og

Breiðdalsvík, auk innisundlaugar á Fáskrúðsfirði. Einnig heyrir undir málaflokkinn Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði og Fjarðabyggðarhöllin á Reyðarfirði, auk fjölda íþróttavalla í Fjarðabyggð.


Í félags- og íþróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar starfa um 40–50 starfsmenn, árstíðabundið, í um 30 stöðugildum.

Haustið 2022 var Janusarverkefnið innleitt, sem er fjölþætt heilsuefning eldri borgara. Upphaflega var gerður samningur til tveggja ára, með 120 þátttakendum í verkefninu. Verkefnið hefur verið vel sótt og samkvæmt framvinduskýrslu Janusar er það að ná tilskyldum árangri í bættri heilsu eldri borgara í Fjarðabyggð. Fjarðabyggð, sem heilsuefandi samfélag, hefur því ákveðið að halda verkefninu áfram.

Félagsmiðstöðvar


Fjarðabyggð rekur sex félagsmiðstöðvar. Atóm á Norðfirði, Knelluna á Eskifirði, Zveskjuna á Reyðarfirði, Hellinn á Fáskrúðsfirði, Stöðina á Stöðvarfirði og PríZund í Breiðdalsvík. Saman kallast þær Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar. Í félagsmiðstöðvunum starfa tveir deildarstjórar, sem sjá um daglegan rekstur og skipulagningu á faglegu starfi, auk 13 frístundaleiðbeinenda í tímavinnu. Félagsmiðstöðvarnar eru opnar að meðaltali tvisvar til þrisvar í viku fyrir unglingastig og einu sinni í viku fyrir miðstig.

Markmið starfsins í félagsmiðstöðvum Fjarðabyggðar er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu, þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi, þar sem hægt er að þjálfra lykilmæni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku, ásamt styrkingu sjálfsmyndar. Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni sem eiga að höfða til barna og unglinga með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggar aðstæður þannig að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni.



Sumarfrístund

Sumarfrístund byggist á útvist, hreyfingu, leikjum og fjöri og er fyrir öll börn í 1. –4. bekk með búsetu í Fjarðabyggð. Sumarið 2025 fór starfið fram á tímabilinu 10. júní–16. ágúst, með fjögurra vikna sumarfríi í hverjum bæjarkjarna fyrir sig. Sumarið 2025 bárust um 95 umsóknir í sumarfrístund.




Dagskrá sumarsins 2025 var með svipuðu sniði frá árinu áður en mikill metnaður var lagður í að skapa skemmtilegt og faglegt starf fyrir börnin. Vikunum var skipt niður í þemu og verkefni hverrar viku voru í anda þess þema sem var í gangi hverju sinni. Bæði foreldrar og börn lýstu yfir ánægju sinni með dagskrá sumarsins.

Vetrarfrístund


Boðið er upp á vetrarfrístund fyrir börn í 1. –10. bekk með langvarandi stuðningsþarfir á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, sem skólar starfa ekki. Það er á starfsdögum og í vetrar- jóla- og páskafríi. Frístundin er opin frá klukkan 8:00–16:00. Um er að ræða stuðning við fötluð börn, við athafnir daglegs lífs og í leik og starfi í frístund. Markmiðið er að gera vetrarfrístund að skemmtilegri og þroskandi upplifun fyrir fötluð börn í Fjarðabyggð.

Íþróttamannvirki

Íþróttamiðstöðvarnar í Fjarðabyggð eru átta talsins og þeim tilheyra sjö íþróttahús í byggðarkjörnunum frá Norðfirði til Breiðdalsvíkur, fjórar útisundlaugar; á Norðfirði, Eskifirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, innisundlaug á Fáskrúðsfirði, Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði, Fjarðabyggðarhöllin og íþróttavellir. Líkamsrækt er í þremur íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar, á Norðfirði, Eskifirði og í Breiðdal. Í heild sinni eru íþróttamannvirki Fjarðabyggðar 14 talsins.



Aðsóknartölur í sundlaugar 2025 (framreiknað)



Aðsóknartölur í líkamsrækt 2025 (framreiknað)

Styrkir og framlög til íþróttamála

Styrkir Fjarðabyggðar til íþróttafélaga skiptust í þrennt frá og með ársbyrjun 2022. Um er að ræða gjaldfrjáls afnot íþróttafélaga af íþróttamannvirkjum Fjarðabyggðar, beinan styrk til íþróttafélaga, sem skiptist svo aftur í íþróttastyrki annars vegar og rekstrar- og uppbyggingarstyrki hins vegar.

Heildarstyrkir voru áætlaðir rúmlega 76,5 milljónir króna á árinu 2025, ásamt frístundastyrknum, sem er beinn íþrótt- og tómstundastyrkur til barna og ungmenna að upphæð 18.000 krónum. Markmið frístundastyrksins er að styrkja þátttöku barna og unglinga í uppbyggingu íþróttastarfi.

Styrkirnir eru veittir í gegnum Abler en það er greiðslu- og þjónustukerfi sem hjálpar stjórnendum íþróttafélaga við að skipuleggja starfið, taka við greiðslum og skráningum og eiga í samskiptum við þjálfara og foreldra. Einnig gerir kerfið framboð tómstunda- og íþróttastarfs sýnilegra á einum stað fyrir iðkendur og áhugafólk. Fjarðabyggð styrkir allan kostnað vegna Abler, fyrir íþrótt- og tómstundafélög innan Fjarðabyggðar.

Áætlaðar styrkveitingar fyrir árið 2026 eru 78,4 milljónir króna og gera má ráð fyrir að skiptingin verði svipuð og seinustu ár.

Íþróttir í Fjarðabyggð

Í Fjarðabyggð eru sex meginfélög; Þróttur á Norðfirði, Austri á Eskifirði, Valur á Reyðarfirði, Leiknir á Fáskrúðsfirði, Súlan á Stöðvarfirði og Hrafnkell Freysgoði í Breiðdal.

Þær íþróttir sem eru mest stundaðar í Fjarðabyggð eru knattspyrna, blak og sund, en þessar íþróttir telja um 79% af íþróttastarfi Fjarðabyggðar.

3. Menningar- og safnamál



Sementstankarnir á Reyðarfirði

Skrifstofa bæjarstjóra fer með menningarmál sveitarfélagsins. Menningarstofa Fjarðabyggðar annast framkvæmd menningar- og listastarfs á breiðum grunni, með hliðsjón af menningarstefnu. Undir málaflokkinn falla meðal annars, skjala-, mynda- og minjasöfn, félagsheimili og menningarhús, söguritun og varðveisla menningararfs, listaverkæign og bæjarhátíðir, ásamt menningar- og listastarfi.

Áherslur á árinu 2026

- Hafin verði vinna við endurskoðun menningarstefnu.
- Lista- og menningarhátíðin Innsævi verði haldin í þriðja sinn.
- Framhald við gerð útilistaverka.
- Unnin frekari stefnumörkun safna og innra og ytra mat gert á starfsemi þeirra.
- Lokið við byggingu fyrsta áfanga Íslenska stríðsárasafnsins.
- Sett verði upp ný sýning í Íslenska stríðsárasafninu.
- Mótað verði nýtt hlutverk Skjalasafns Norðfjarðar sem mynda- og skjalasafns.
- Aukin markaðssetning menningarstarfs til að auka aðsókn að þeim.


3.1 Menningarstofa Fjarðabyggðar

Menningarstefna sveitarfélagsins er grundvöllur starfs menningarstofu í aðferðarfræði og framkvæmdar menningarstarfs. Menningarstofan er með samning við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um þróun tónlistarstarfs og er ein af þremur skilgreindum menningarstofnunum á Austurlandi. Stofan hefur umsjón með fræðaibúð í Jensenshúsi og listamannadvöl í Þórsmörk. Menningarstofa á samstarf við stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu, ásamt styrkjasjóðum um fjármögnun verkefna á sviðum lista og menningar.

Unnið er eftir verkefnaáætlun sem byggir á aðgerðaráætlun menningarstefnu sem kallar á samhæfingu og samstarf með stofnunum sveitarfélagsins. Menningarstefna er í endurskoðun og verður henni lokið á árinu, með það að markmiði að efla menningar- og listastarf. Menningarstofa stendur fyrir listahátíðinni Innsævi í ár, með fjölþættri dagskrá og mismunandi inntaki og áherslum. Stofan stendur meðal annars fyrir skapandi sumarstörfum, þar sem ungmenni geta unnið að listsköpun sinni, ásamt því að yfir sumarið býður stofan upp á listasmiðjur fyrir börn. Þá eru verkefni tengd barnamenningu unnin í samstarfi við skóla, undir verkefnaheitinu BRAS, á hverju hausti. Stuðlað er að góðu og fjölþættu framboði á tónlist en Menningarstofa býður fram aðstoð við tónlistarmenn og leggur til húsnæði sem hæfir hverjum viðburði. Þá hefur stofan stuðlað að fjölþættum menningar- og listsýningum í samstarfi við listamenn.

Undir starfseminna falla minjasöfn, auk umsjónar með rekstri Sjóminjasafns Austurlands. Þá er listaverkaeign í umsjón stofnunarinnar. Sjóminjasafn Austurlands á Eskifirði geymir heimildir um atvinnusögu landsmanna. Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði geymir heimildir um hernám landsins og síðari heimsstyrjöldina. Frakkar á Íslandsmiðum segir sögu franskra skútusjómannna á öldum áður. Safnahúsinu á Norðfirði hýsir Náttúrugripasafn, Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar og Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar.

Unninn hefur verið grunnur að stefnumörkun safnanna til næstu fimm ára, sem haldið verður áfram með. Markmið þeirrar vinnu er að taka rýni á starfsemi þeirra, til að efla hlutverk þeirra. Þá verður hafin vinna við umbætur á geymslum og utanumhaldi safngripa og sýninga. Mikilvægur áfangi í endurgerð Íslenska stríðsárasafnsins er hafinn og verður lokið við byggingu fyrsta áfanga safnsins, sem er sýningarhús í nýjum bragga, ásamt nýrri móttöku og þjónustuhúsi, sem tengjast innbyrðis saman við braggann sem áður hafði verið endurgerður. Unnið verður samhliða byggingu húsnæðis að hönnun nýrrar sýningar sem verður komið fyrir í nýju sýningarhúsi.



3.2 Félagsheimili og menningarhús

Fjarðabyggð á sex félagsheimili en þau gegna ýmsum hlutverkum. Egilsbúð er frístunda- og félagsmiðstöð fyrir ungmenni, eldri borgara og ýmsa félagsstarfsemi, auk þess að húsið sinnir hlutverki menningarhúss. Félagslundur á Reyðarfirði er nýttur fyrir starfsemi leikskóla og félagsmiðstöðvar. Valhöll á Eskifirði og Skrúður á Fáskrúðsfirði eru rekin sem

félagsheimili, í samstarfi við hollvinasamtök, en Samkomuhús Stöðvarfjarðar er nýtt fyrir æskulýðsstarf og sem upplýsingamiðstöð. Sólbrekka hýsir ferðapjónustu á sumrin en er jafnframt samkomuhús staðarins.

3.3 Söguritun og menningararfur

Lokið hefur verið byggingu nýs skjalasafns, í Gamla Lúðvíkshúsinu að Þiljuvöllum í Neskaupstað, og verður þar komið fyrir, undir sama þaki, Héraðsskjalasafni Norðfjarðar, ásamt skjalasafni Fjarðabyggðar, að þrjátíu árum, auk myndasafns Eskifjarðar. Skjala- og myndasöfnum sveitarfélagsins verður því komið fyrir undir einu þaki í fullkomnum geymslum. Unnið verður að mótun starfsins og hlutverks safnsins á árinu, með nýtt hlutverk í huga.

Unnið er að ritun sögu Norðfjarðar, frá 1929 til 1998, á forræði og með stuðningi frá Samvinnufélagi útgerðarmanna Neskaupstað, og mun sveitarfélagið annast útgáfu bókarinnar þegar hún hefur verið rituð. Stefna stjórnarinnar byggir á þeirri forgangsriðun að næst verði lokið við ritun sögu Stöðvarfjarðar og að henni lokinni verði atvinnusaga Eskifjarðar rituð.

3.4 Styrkveitingar og framlög

Beinar styrkveitingar til menningarstarfs á árinu 2025, nema um 34 milljónum króna, auk fastra framlaga til Náttúrustofu og Héraðsskjalasafns Austfirðinga að fjárhæð 17 milljónum króna. Um 9 milljónum króna verður varið til stuðnings bæjarhátíða í sveitarfélaginu, sem er hækkun á milli ára. Þá er verkefnafé að fjárhæð 18 milljóna króna, varið til tónlistarstarfs og listviðburða sem nýtt er til samstarfsverkefna með listamönnum í samræmi við verkefnaáætlun hvers árs. Hafnarsjóður kemur til með að veita fjármagni til eflingar menningarstarfs og til að hækka fjármagn til styrkveitinga sem renna til lista- og menningarstarfs.



Slökkvistöðin á Hrauni.

Ljósmynd: Bjarki Jóhannson

4. Brunamál og almannavarnir

Undir brunamál og almannavarnir falla málefni er varða rekstur slökkviliðs- og sjúkraflutninga í Fjarðabyggð, eldvarnareftirlit og forvarnarstarfsemi. Einnig Almannavarnir, hafnarvernd, ofanflóðavarnir og fleira, þar með talið stuðningur við björgunarsveitir í Fjarðabyggð. Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur að leiðarljósi að bæta öryggi og þjónustu við íbúa og vegfarendur, styrkja og efla forvarnir og framkvæma markvisst eldvarnareftirlit. Leið að því marki er að stuðla að góðri þjálfun og fræðslu til starfsfólks, fyrirtækja og almennings. Einnig er slökkviliðið í lykilaðstöðu til að auka og efla samvinnu viðbragðsaðila á Austurlandi og vera í fararbroddi á þeim vettvangi. Starfsstöðvar slökkviliðsins eru sex talsins og eru í flestum byggðakjörnum sveitarfélagsins. Reksturinn verður með svipuðu sniði og síðasta ár, með enn ríkari áherslu á að styðja við viðbragð á starfsstöðvum og samstarf þeirra á milli. Heildarútgjöld í málaflokknum hafa aukist, í takt við breytingar á kjarasamningum starfsmanna.

Hjá Slökkviliði Fjarðabyggðar eru skráðir 94 slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þar af eru 14 atvinnumenn í fullu starfi og 80 í hlutastarfi sem slökkviliðsmenn og/eða sjúkraflutningamenn.

4.1 Slökkvilið Fjarðabyggðar

Starfsstöðvar slökkviliðsins eru í Neskaupstað, á Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Dælubílar eru á öllum stöðvum, tankbílar á tveimur stöðvum og körfubíll er á Reyðarfirði. Áfram eru unnið að endurnýjun slökkvibíla og var nýr dælubíll afhentur í byrjun júní 2024 og er hann staðsettur á Reyðarfirði. Í honum er CAFFS (froðu) kerfi, sem er með margfaldan slökkvimátt hefðbundins vatns. Það hefur þá kosti að mun minna vökvamagn þarf til slökkvistarfa og er einnig umhverfisvænna en hefðbundið slökkvivatn. Í október 2024 var körfubíll slökkviliðsins uppfærður, þegar keyptur var notaður körfubíll af SHS, og er það mikil framför frá eldri bíl.

Næstu bílakaup eru útskipti á dælubíl á Stöðvarfirði og endurnýjun á tankbíl á Fáskrúðsfirði á næstu 2-3 árum. Á árinu 2026 verður hluti af reykköfunarbúnaði slökkviliðsmanna

endurnýjaður, ásamt því að klippur og glennur á tveimur stöðvum verða endurnýjaðar. Rýnt verður í stöðu húsnæðismála fyrir bæði starfseminna á Norðfirði og á Stöðvarfirði á árinu og áætlanir mótaðar um breytingar. Á Hrauni er gert ráð fyrir að uppfæra aðstöðu til þvotta á búnaði, með hollustu og heilbrigði að leiðarljósi.


Slökkviliðið ber einnig ábyrgð á um það bil 30 manna hlutastarfandi slökkviliði Alcoa Fjarðaáls og sér um stjórnun þess og þjálfun. Stór þáttur af starfi liðsins eru forvarnir og eldvarnareftirlit, sem hefur markvisst verið eft á árinu. Slökkviliðið er í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir að efla eigið öryggi og öryggisvitund þeirra í takt við lög og reglugerðir. Einnig hefur slökkviliðið séð um æfingar fyrir slökkvilið Múlapings.

Hér að neðan er tafla sem lýsir bílaflota slökkviliðs Fjarðabyggðar.

Staður	Notkun	Árgerð	Dæla	Tankur (L)	Froða (L)	Aldur
Reyðarfjörður	Dælubíll	2024	4,000	4,000	200	1
Reyðarfjörður	Dælubíll	2002	3,400	5,000	500	23
Reyðarfjörður	Körfubíll	2005				20
Neskaupstaður	Dælubíll	2006	4,000	4,000	200	19
Neskaupstaður	Dælu- og tankbíll	2013	4,000	11,000	350	12
Fáskrúðsfjörður	Dælubíll	2006	4,000	4,000	200	19
Fáskrúðsfjörður	Tankbíll	1982	1,200	14,000	0	43
Stöðvarfjörður	Dælubíll	1991	2,400	3,000	150	34
Breiðdalsvík	Dælubíll	2000	3,400	5,000	150	25
Reyðarfjörður	Þjónustubíll	2015				10
Stöðvarfjörður	Tækjabíll	1999				26
Reyðarfjörður	Slökkviliðsstj.	2020	CAFFS	200	10	5
Reyðarfjörður	Varðstjórabíll	2020				5
Breiðdalsvík	Kerra	2023	CAFFS	200	10	2


4.2 Sjúkraflutningar

Slökkvilið sinnir sjúkraflutningum fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Austurlands í Fjarðabyggð og einnig á Djúpavogi. Sjúkraflutningar eru flokkaðir niður eftir alvarleika, þar sem forgangur eitt er alvarlegast (F-1), síðan F-2, F-3 og F-4 sem er vægast. Sjúkraflutningarnir eru margþættir, alvarlegir, vægir, á milli stofnana, á sjúkrahús, í sjúkraflug á Norðfirði eða Egilsstöðum eða geta verið alla leið á Akureyri. Sjúkraflutningar í Fjarðabyggð eru með mannaðar starfsstöðvar á Norðfirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Breiðdalsvík. Alls er slökkviliðið með sjö sjúkrabíla í sinni þjónustu. Fjöldi útkalla eykst ár frá ári eins og línuritið sýnir hér fyrir neðan.




Alls eru um 40 starfsmenn sem sinna sjúkraflutningum og dreifast þeir á milli starfsstöðva. Menntunarstig þeirra er mjög gott en unnið er markvisst að því að auka þekkingu þeirra með bættri menntun. Núna eru starfandi á flestum starfsstöðvum einstaklingar með framhaldsmenntun í sjúkraflutningum en menntunarstig er metið EMT-B, EMT-A/I og EMT-P. Faglegt starf er unnið í góðri samvinnu og samstarfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands, með það að markmiði að allir íbúar fái viðeigandi þjónustu hvar svo sem þeir eru í sveit settir. Áfram verður unnið að endurnýjun samninga um sjúkraflutninga til þess að hægt sé að efla starfið enn meira.

Forgangur sjúkraflutninga eftir mánuðum.



Forgangur slökkviliðs eftir mánuðum.



5. Framkvæmda- og umhverfissvið



Starfsmaður framkvæmdasviðs

Ljósmynd: Bjarki Jóhannson

Undir Skipulags- og framkvæmdasvið heyrir rekstur og umsjón allra fasteigna og tækja Fjarðabyggðar, gatnakerfis, hita-, fjarvarma-, frá- og vatnsveitukerfis, umhverfismála og opinna svæða, skipulags- og byggingarmála, hreinlætismála, Fjarðabyggðahafna og úrgangsmála, auk allra framkvæmda Fjarðabyggðar og stofnanna. Starfsfólk framkvæmdasviðs eru alls 32 á sex starfstöðvum.

Á skrifstofu eru sjö starfsmenn. Í þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvum, sem eru staðsettar í Neskaupstað, á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík, eru 10 starfsmenn. Á Fjarðabyggðarhöfnum eru átta starfsmenn á sex starfstöðvum. Í garðyrkjudeild eru fimm starfsmenn á einni starfstöð. Hjá veitum Fjarðabyggðar eru tveir starfsmenn sem hafa starfstöð á Eskifirði.

Stjórnskipulag Fjarðabyggðar er þannig að skipulags- og framkvæmdasviði er skipt upp í fjórar deildir. Deildirnar eru þjónustu- og framkvæmdamiðstöð, Fjarðabyggðahafnir, Veitur Fjarðabyggðar og Byggingar-, skipulags- og umhverfisdeild. Yfir hverri deild er stjórnandi sem stýrir faglegu starfi hennar og heyrir beint undir sviðsstjóra. Þrjár stöður verkstjóra eru í þjónustu- og framkvæmdamiðstöð og fellur fasteignaumsýsla og viðhald einnig undir þá deild.

Skipulags- og framkvæmdasvið fer með umsjón og eftirlit með öllum verklegum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og Fjarðabyggðarhafna, jafnt í A-hluta sem og B-hluta. Skipulags- og framkvæmdasvið starfar með skipulags- og framkvæmdanefnd.

Helstu verkefni á árinu 2026 verða að endurnýja eldri hluta leikskólans á Eskifirði. Loka stöfnum á Fjarðabyggðarhöllinni og setja upp loftræstingu, klæða og skipta um glugga á B húsi grunnskólans á Reyðarfirði, endurbygging Íslenska stríðsárasafnsins og að hefja uppbyggingu á nýju íþróttahúsi á Eskifirði, við hliðina á sundlauginni.

5.1 Veitur Fjarðabyggðar

Framkvæmdasvið sér um vatnsveitur og fráveitur í öllu sveitarfélaginu. Auk þess sér sviðið um hitaveituna á Eskifirði og fjarvarmaveiturnar í Neskaupstað og á Reyðarfirði.

Helstu verkefni í vatnsveitu eru endurnýjun og viðhald brunnsvæða á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Þá er stefnt að útskiptum á stýrisvélum veitunnar á Reyðarfirði og áfram verður unnið að þróun á skjákerfi og vöktunarkerfi, til að tryggja öryggi samskipta á milli útstöðva veitunnar.

Helstu verkefni hitaveitunnar eru að klára tengingu á loftnetum, sem gera sjálfvirkan mælalestur á hitaveitunni á Eskifirði mögulegan. Þannig getur fólk séð notkun sína frá degi til dags. Þá verður unnið að áætlun um úrbætur fjarvarmaveitunnar á bæði Reyðarfirði og í Neskaupstað.

5.2 Byggingar-, skipulags- og umhverfismál

Undir málefni byggingar-, skipulags og umhverfismála falla hreinlætismál og skipulags- og byggingarmál, auk minka- og refaeyðinga og landbúnaðar. Einnig falla úrgangsmál og rekstur Sorpmiðstöðvar undir málaflokkinn, ásamt almenningssamgöngum.

Megin markmið byggingar-, skipulags- og umhverfisdeildar er að framfylgja skyldum sveitarfélagsins samkvæmt lögum og reglugerðum vegna byggingar-, skipulags- og umhverfismála. Þá er markmið sviðsins að framfylgja þeim reglum og samþykktum sem sveitarfélagið sjálft hefur sett sér varðandi umhverfismál, umgengnismál, lausafjármuni, gælundýr o.fl.

Helstu verkefni:


- Skipulags- og byggingarfulltrúi fylgir eftir aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins, annast aðal- og deiliskipulagsgerð og útgáfu leyfisveitinga á sviði byggingar-, skipulags- og umhverfismála.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi annast útgáfu leyfisveitinga á sviði byggingarmála.
- Stjórnandi byggingar-, skipulags- og umhverfisdeildar og sviðstjóri skipulags- og framkvæmdasviðs eru starfsmenn skipulags- og framkvæmdanefndar. Undir nefndina heyra málefni byggingar-, skipulags- og umhverfisdeildar, þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar og veitna Fjarðabyggðar. Reglulegir fundir skipulags- og framkvæmdanefndar eru að jafnaði hálfsmánaðarlega allt árið en hægt er að halda auka fundi ef talin er sérstök þörf á því. Stjórnandi byggingar-, skipulags- og umhverfisdeildar er starfsmaður fjallskilanefndar. Fjallskilanefnd fundar þegar erindi liggja fyrir nefndinni.

Skipulags- og byggingarmál


Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við útfærslu og deiliskipulagsgerð vegna miðbæjarsvæða á Eskifirði, ásamt deiliskipulagsgerð í tengslum við ofanflóðavarnir í Grjótá á Eskifirði. Þá verði unnið að því að afmarka og deiliskipuleggja þau svæði innan þéttbýla sem enn eru ódeiliskipulögð. Gert er ráð fyrir að klára deiliskipulagið Dalur 3-Eskifirði-íbúðarsvæði, ásamt endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjar Reyðarfjarðar. Þá verður vinnu haldið áfram við frekari útlistun á framtíðar uppbyggingu í Fjarðabyggð.

Stefnt verður að því að útrunnir lóðarleigusamningar verði endurnýjaðir og sem flest lóðarmörk verði sýnileg á vefsíðu Fjarðabyggðar.

Skipulags- og framkvæmdanefnd fjallar um allar lóðarumsóknir sem berast sveitarfélaginu og gefur bæjarráði umsögn sína vegna þeirra. Veruleg fjölgun hefur verið í úthlutun íbúðarhúsalóða frá því 2019, eins og sést á mynd hér að neðan, en dregst aðeins saman aftur árið 2025.




Skipulags- og framkvæmdanefnd fjallar um allar byggingarleyfisumsóknir sem berast sveitarfélaginu. Byggingarleyfisumsóknum hefur fjölgað mikið frá árinu 2019, eins og sjá má á mynd hér að neðan, en dróst aðeins saman aftur árið 2025.



Landbúnaðarmál, refa- og minkaeyðing

Reiknað er með því að fyrirkomulag vegna landbúnaðarmála og starfa Fjallaskilaneftndar verði óbreytt frá fyrra ári. Áfram verði gert ráð fyrir uppsetningu aðhaldsgirðinga við alla þéttbýliskjarna, ásamt viðhaldi eldri fjárrétta, í samræmi við forgangsroðun þeirra verkefna. Samningar við minka- og refaveiðimenn eru í gildi út maí 2026.



Heilbrigðis- og dýraeftirlit

Innan málaflokksins er gert ráð fyrir að heilbrigðiseftirlit verði með sama fyrirkomulagi og verið hefur. Fyrirkomulag dýraeftirlits verður einnig í sama farvegi og verið hefur. Ormalyfjagjöf verður með þeim hætti að koma skal með öll skráð dýr í ormalyfjagjöf á ákveðnum dögum að hausti. Gæludýraeigendur geta áfram sótt þjónustuna beint til dýralæknis. Aðstaða vegna fangaðra hunda og katta er til staðar í húsnæði Fjarðabyggðar að Kollaleiru á Reyðarfirði.

Umhverfismál

Umhverfis- og loftslagsstefna Fjarðabyggðar hefur verið staðfest af bæjarstjórn. Innleiðing stefnunnar er hafin með myndun starfshóps þvert á öll svið og stofnanir sveitarfélagsins. Starfshópurinn mun síðan innleiða græn skref Fjarðabyggðar í takt við heimsmarkmið um sjálfbæra þróun og loftslagsmál.

Innleiðing er í þremur skrefum

- Innleiðing markmiða er varðar rekstur sveitarfélagsins.
- Innleiðing markmiða er varða ytri þætti og hafa áhrif á starfsemi sveitarfélagsins.
- Innleiðing markmiða er varða fræðslu um umhverfis- og loftslagsmál.

Fjarðabyggð er aðili að samningi sveitarfélaga um verkefnið Eygló, þar sem meðal annars áhersla er lögð á hringrás orku í orkuskiptum, nýtingar á glatvarma og kolefnishlutleysi Austurlands. Reikna má með aukinni áherslu á þessi málefni hjá Fjarðabyggð á árinu 2026.

Árið 2025 hófst vinna við að teikna göngustíga sveitarfélagsins inn á kortasjá Fjarðabyggðar (www.map.is/fjardabyggd). Stefnt er að því að halda þeirri vinnu áfram árið 2026.

Rekstur sorpmiðstöðvar

Árið 2023 tóku í gildi ný lög um móttöku úrgangs, þar sem meðal annars er í auknum mæli ætlast til að þeir borgi sem henda. Auk þess sem breyting var á því hvaða flokkar skulu hirtir við íbúðarhús. Á árinu 2025 var farið í útboð í úrgangsmálum og reiknað er með að nýir samningar taki gildi frá og með áramótum. Unnið er að útfærslu og kynningu á þeim breytingum sem það mun hafa í för með sér og mun sú kynning fara af stað í desember 2025.

6. Mannauðs- og umbótasvið



Fjölskyldusvið

Ljósmynd: Bjarki Jóhannsson

Með breytingum á stjórnkerfi Fjarðabyggðar, sem tóku gildi um mitt ár 2024, var mannauðs- og umbótasvið stofnað. Með stofnun þess var lögð áhersla á mikilvægi þess að unnið yrði þétt að mannauðsmálum í sveitarfélaginu, enda er sveitarfélagið einn stærsti vinnustaður Fjarðabyggðar og mannauðurinn sem hjá sveitarfélaginu starfar einn mikilvægasti þátturinn í þeirri öflugu þjónustu sem sveitarfélagið veitir.

Hjá Fjarðabyggð starfar hópur fólks með ólíkan bakgrunn, sem sinnir þjónustu við alla íbúa sveitarfélagsins. Starfsfólk sveitarfélagsins er lykilinn að góðum árangri en mikil áhersla er lögð á að skapa gott starfsumhverfi sem einkennist af góðum samskiptum, sveigjanleika og samvinnu. Unnið er að því að starfsfólk geti vaxið í starfi og aflað sér þekkingar sem hægt er að nýta til að takast á við fjölbreytt verkefni.


Á mannauðs- og umbótasviði er haldið utan um mannauðsmál og launa- og kjaramál, auk þeirra umbótaverkefna sem sveitarfélagið stendur í hverju sinni. Á sviðinu starfa sex starfsmenn í 5,5 stöðugildum.

Markmið sviðsins er að byggja upp öfluga þjónustu í mannauðs- og kjaramálum, í því skyni að laða að, styðja við og þróa og styðja við stjórnendur og starfsfólk Fjarðabyggðar.

Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu Fjarðabyggðar, tryggir samræmi í framkvæmd og veitir stjórnendum ráðgjöf í starfsmannamálum. Auk þess leggur sviðið ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustu sviða, með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðamenningu. Að lokum ber sviðið ábyrgð á launavinnslu og rekstri mannauðs- og launakerfa Fjarðabyggðar.

Vinnustaðurinn Fjarðabyggð

Á ársgrundvelli starfa hjá Fjarðabyggð að jafnaði um 550 starfsmenn í um 380 stöðugildum. Heildarfjöldi árs stöðugilda hefur þróast nokkuð frá árinu 2018. Í COVID heimsfaraldrinum fjölgaði stöðugildum, en frá árinu 2022 hefur ársstöðugildum fækkað nokkuð og eru þau nú orðin færri en þau voru árið 2018. Á árinu 2025 stefnir í að fjöldi árs stöðugilda verði um 380.




Fjöldi FTE stöðugilda hjá Fjarðabyggð á mánuði á árunum 2018–2024.



Fjöldi launamanna með stöðugildi árin 2018–2025.

Auk þess starfar hjá sveitarfélaginu nokkur fjöldi starfsfólks í tímabundnum störfum á sumrin, auk þess sem nokkur fjöldi er í tímavinnustörfum s.s. hlutastarfandi slökkviliðs-

og sjúkraflutningafólk, fólk í nefndarstörfum og ýmsum öðrum störfum. Á árinu 2024 þáðu um 1.000 starfsmenn laun frá Fjarðabyggð með einhverjum hætti.



Fjöldi launamanna hjá Fjarðabyggð árin 2018 - 2024.

Samskipti og starfsþróun

Fjarðabyggð er framsækið þróunarsamfélag. Lögð er áhersla á að starfsfólk eigi kost á samfelldum starfsferli þar sem þekking og reynsla nýtist. Starfsþróun er skipulögð með sí- og endurmenntun, sem er við hæfi og gagnast starfsemi stofnunar og starfsfólki. Stuðla skal að framsækni stofnanna með frumkvæði starfsfólks. Unnið er markvisst að því að efla og þróa starfsfólk og skapa eftirsóknarverðan vinnustað með það að markmiði að stuðla að starfsánægju, góðum starfsanda og helguðu starfsfólki.

Á árinu 2026 verður unnið að innleiðingu á Fjarðabyggðarappinu, sem mun í árslok 2025 taka við hlutverki Workplace sem samskiptavettvangur starfsfólks sveitarfélagsins. Fjarðabyggðarappið var sérhannað af fyrirtækinu Relesys til að koma til móts við þarfir sveitarfélagsins vegna samskipta starfsfólks.

Á árinu 2026 verður farið í markvissa vinnu við þróun á framboði námskeiða og símenntunarmöguleika fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Notast verður við Fjarðabyggðarappið til að koma fræðslu á framfæri, og unnar verða greiningar á náms- og fræðsluþörf ólíkra stofnanna.

Líðan starfsfólks og vinnustaðagreiningar

Það er sameiginleg ábyrgð stjórnenda og starfsfólks að skapa uppbyggilegan vinnustað. Stofnanir Fjarðabyggðar skulu bjóða upp á öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, þar sem í hvívetna er hugsað um heilbrigði starfsfólks.

Á árinu 2026 mun áfram verða unnið markvisst að því að draga úr fjarvistum vegna veikinda með virkum stuðningi við starfsfólk. Markviss vinna við þetta hófst um mitt ár 2024, og hefur verið stuðst við Bradford kvarða, til að mæla fjarvistir vegna skammtímaveikinda, og því

starfsfólki sem mikið eru fjarverandi vegna þeirra boðin stuðningur. Vísbendingar eru um að þessi áhersla sé að skila árangri og eru vísbendingar um lækkun í skammtímaveikindum.

Vinnustaðagreiningar hafa verið gerðar árlega og áhersla verið lögð á að ræða vinnumhverfið og þau tækifæri sem felast í góðum samskiptum og liðsheild. Niðurstöður greiningarinnar hafa verið nýttar til að efla stjórnendur og annað starfsfólk í starfi, með raunhæfum verkefnaáætlunum í samræmi við niðurstöður. Niðurstöður vinnustaðagreininga ársins 2024, benda til þess að tækifæri séu til bætinga, en niðurstöður vinnustaðagreininga síðustu ára hafa verið nokkuð keimlíkar.

Á árinu 2026 er áætlað að gera breytingar á nálgun vinnustaðagreininga, í stað þess að gerð sé ein vinnustaðagreining fyrir allar stofnanir, einu sinni á ári, verður farið í að gera styttri púlskannanir oftari yfir árið, og gefa þannig stjórnendum tækifæri á að bregðast hraðar við og starfsfólki færi á að koma sínum sjónarmiðum oftari á framfæri.

7. Skrifstofa bæjarstjóra

Skrifstofan veitir þjónustu þvert á fagsvið sveitarfélagsins, sem felst meðal annars í ráðgjöf til stjórnenda í þeim málum sem falla undir sviðið. Skrifstofan er ábyrg fyrir almennri þjónustu bæjarskrifstofu, stjórnsýslu- og skjalamálum, gæðamálum, stafrænni þróun og upplýsingatæknimálum, markaðs- og kynningarmálum, menningarmálum og atvinnu- og ferðamálum.

Þá annast sviðið undirbúning og framkvæmd funda bæjarstjórnar, bæjarráðs og stjórnar menningarstofu, ásamt kosningum.

Áherslur ársins 2026:

- Haldið verði áfram á braut stafrænna lausna þar sem upplýsingatækni er nýtt til hagsbóta fyrir stjórnendur, starfsmenn og viðskiptavinum.
- Lokið verði við yfirferð á verklagi og reglum í upplýsingatækni.
- Unnið verði í að skapa jákvæða og sterka ímynd sveitarfélagsins sem aðlaðandi og sterks samfélags.
- Ný heimasíða þróist eftir óskum um upplýsingar og þarfir íbúa og viðskiptavina.
- Samfélagsmiðlar verði nýttir sem best til miðlunar efnis eftir aðstæðum.
- Áfram verði unnið að þróun græns orkugarðs í sveitarfélaginu og þróun atvinnuvega þess.
- Unnið verði áfram að styrkingu samfélagsins á Stöðvarfirði, Sterkur Stöðvarfjörður, og sóknartækifæri staðarins greind til að styðja við atvinnuþróun og nýsköpun.

8. Fjármála- og greiningarsvið

Fjármála- og greiningarsvið er stoðsvið við önnur svið og stofnanir Fjarðabyggðar. Á fjármála- og greiningarsviði starfa, auk sviðsstjóra, deildarstjóri, aðalbókari, gjaldkeri, innheimtufulltrúi og sérfræðingar í 6,8 stöðugildum.

Markmið fjármálateymis er að efla upplýsingamiðlun til kjörinna fulltrúa, stjórnenda, starfsfólks, viðskiptavina og íbúa, er varðar fjárhags- og rekstrarleg málefni sveitarfélagsins og leita leiða til að auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna sveitarfélagsins. Verkefni fjármála- og greiningarsviðs eru meðal annars áætlunargerð og gerð fjárhagsyfirlita og ársreiknings, skráningar og umsjón með fjárhagsupplýsingakerfi, upplýsingagjöf um rekstur Fjarðabyggðar, stofnanna og deilda, greiðslu reikninga, reikningagerð, innheimta krafna, fjármálaumsýsla, innkaupamál og fleira.

Á árinu verður unnið sérstaklega


- Að skilvirkari upplýsingagjöf til stjórnenda og eftirfylgni með rekstri, viðhaldi og fjárfestingum með tilliti til áætlunargerðar.
- Að markvissari ferlum og aðferðum við innkaup frá birgjum, auk stuðnings við stjórnendur og starfsmenn við innkaup.
- Að greiningum og bættri upplýsingagjöf til stjórnenda, kjörinna fulltrúa og almennings.
- Að bæta ferla og sjálfvirkni við móttöku reikninga og annarra þátta sviðsins.
- Að leita leiða við einföldun og sjálfvirknivæðingu verkferla.




9. Fjarðabyggðarhafnir



Löndun við Norðfjarðarhöfn

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum Fjarðabyggðarhafna. Fjarðabyggðarhafnir telja átta hafnir; Breiðdalsvíkurhöfn, Stöðvarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Mjóeyrarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn og Mjóafjarðarhöfn.





9.1. Almennt um Fjarðabyggðarhafnir

Hlutverk Fjarðabyggðarhafna er að þjónusta fyrirtæki í hafntengdri starfsemi, í samræmi við gildandi hafnalög. Fjarðabyggðarhafnir þjónusta öll skip og báta sem koma að höfnum Fjarðabyggðar, annast samskipti við þau eða umboðsaðila þeirra, sjá um framkvæmd hafnsögu og skipuleggja aðstoð dráttarbáts, vigtun sjávarfangs og fleira. Fjarðabyggðarhafnir hafa einnig eftirlit með siglingavernd á hafnarsvæðunum og samskipti við fyrirtæki og stofnanir.

Á Fjarðabyggðarhöfnum eru 14,2 stöðugildi á ársgrundvelli og starfa þar hafnsögumenn, hafnarverðir, verkefnastjóri og stjórnandi. Samningur er við verktaka um mönnun og viðhald dráttarbáts.

Mjóeyrarhöfn er inn- og útflutningshöfn en í öðrum höfnum er sjávarútvegur meginuppistaða starfseminnar. Skipafélögin Eimskip, Samskip og Torcargó eru með áætlanasiglingar á Mjóeyrarhöfn. Þau sinna almennum gámaflutningum, auk þess sem Torcargó annast inn- og útflutning aðfanga og afurða Alcoa Fjarðaáls. Á Mjóeyrarhöfn koma einnig önnur skip sem annast annan innflutning fyrir Alcoa Fjarðaál.

Framkvæmdir ársins 2026 snúa að dýpkun við nýja Frystihússbryggju á Eskifirði og áframhaldandi vinnu við hafnarsvæðið á Leirubakka. Einnig verður unnið að framtíðarþróun Mjóeyrarhafnar, í samræmi við niðurstöðu greiningarvinnunnar sem farið hefur fram. Áfram verður lögð áhersla á að bæta öryggismál á höfnunum sem og önnur sérverkefni.

9.2. Hafnarþjónusta

Sólarhringsvakt er á Fjarðabyggðarhöfnum allt árið um kring. Starfsemin er umfangsmikil og sinnir starfsfólk hafnarinnar daglegum störfum, auk þess að veita þjónustu við hafnsögu.



Stöðvarfjarðarhöfn

Hafnir landsins starfa samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð um hafnamál nr. 326/2004 en enn fremur er sérstök hafnareglugerð fyrir Fjarðabyggðarhafnir nr. 835/2020.

10. Rekstrar- og efnahagsreikningur Fjarðabyggðar 2026

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2024	2025	2026	2024	2025	2026
Rekstrarreikningur						
Tekjur:						
Skatttekjur.....	5.921.605	5.978.984	6.406.285	5.903.935	5.964.405	6.387.180
Framlög jöfnunarsjóðs.....	1.622.271	1.699.431	1.919.605	1.622.271	1.699.431	1.919.605
Aðrar tekjur.....	1.209.721	1.459.722	1.427.337	3.528.972	3.834.343	4.002.269
	8.753.597	9.138.138	9.753.226	11.055.178	11.498.179	12.309.053
Gjöld:						
Laun og launatengd gjöld.....	5.375.023	5.784.425	6.329.903	5.743.067	6.199.161	6.826.942
Annar rekstrarkostnaður.....	2.425.775	2.499.530	2.517.552	3.286.298	3.481.836	3.644.436
Afskriftir.....	307.782	307.716	318.384	668.130	679.424	706.115
	8.108.580	8.591.671	9.165.840	9.697.495	10.360.422	11.177.493
Niðurstaða án fjármagnsliða	645.017	546.467	587.386	1.357.683	1.137.757	1.131.561
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	62.063	6.803	10.543	71.766	7.142	10.843
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	35.652	34.941	0 (	0) (	1)
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(215.933) (	281.812) (	235.608)	(543.614) (	397.081) (	349.797)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	(268.188) (	124.210) (	135.400)	0	61	122
	(422.058) (	363.567) (	325.525)	(471.848) (	389.878) (	338.834)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	222.959	182.900	261.862	885.835	747.879	792.727
Óvenjulegir liðir.....	195.824	0	0	195.824	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	21.251	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	(25.622)	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	418.783	182.900	261.862	1.077.288	747.879	792.727

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2024	2025	2026	2024	2025	2026
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir	9.652.650	9.923.319	10.107.823	9.926.250	10.250.139	10.440.038
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	563.121	499.400	444.779	6.726.188	6.888.923	7.056.453
Vélar, áhöld og tæki	123.679	129.675	133.171	165.811	178.769	186.989
Leigugeignir	89.960	83.177	76.413	130.941	124.158	117.394
	10.429.410	10.635.570	10.762.186	16.949.190	17.441.989	17.800.874
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Eignahlutir í félögum	742.486	792.486	842.486	917.271	941.494	991.494
Skatteign	0	0	0	17.305	17.305	17.305
Langtímakröfur	213.290	192.278	181.795	246.482	222.157	210.017
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	150.541	134.290	112.762	0	0	0
	1.106.317	1.119.054	1.137.043	1.181.058	1.180.956	1.218.816
Fastafjármunir	11.535.727	11.754.624	11.899.229	18.130.248	18.622.945	19.019.690
Veltufjármunir:						
Birgðir.....	0	0	0	20.400	20.400	20.400
Skammtímakröfur:						
Önnheimtar tekjur	752.423	974.170	974.173	1.050.019	1.271.766	1.271.769
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	457.272	510.847	533.449	0 (	0)	0
Aðrar skammtímakröfur	86.790	91.999	96.695	87.633	94.370	99.066
Næsta árs afborganir langtímakrafna	10.684	10.486	10.486	12.341	12.143	12.143
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki	26.180	24.748	25.880	0	0	0
Handbært fé.....	828.852	579.045	592.177	830.747	579.045	592.177
Veltufjármunir	2.162.201	2.191.295	2.232.860	2.001.140	1.977.723	1.995.555
Eignir samtals	13.697.928	13.945.919	14.132.089	20.131.388	20.600.668	21.015.245

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2024	2025	2026	2024	2025	2026
31. desember						
Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé.....	1.656.837	1.858.538	2.120.399	8.942.551	9.703.696	10.496.423
	1.656.837	1.858.538	2.120.399	8.942.551	9.703.696	10.496.423
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar.....	3.571.967	3.621.610	3.624.065	3.765.445	3.814.188	3.815.743
Aðrar skuldbindingar.....	45.391	9.658	5.658	45.391	9.658	5.658
	3.617.358	3.631.268	3.629.723	3.810.836	3.823.846	3.821.401
Langtimaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir.....	4.105.421	3.838.417	3.532.485	5.459.465	5.127.031	4.753.166
Leiguskuldir.....	89.019	70.471	51.283	121.432	95.603	68.891
	4.194.440	3.908.888	3.583.768	5.580.897	5.222.634	4.822.057
Skammtimaskuldir:						
Skammtimaskuldir við eigin fyrirtæki.....	2.627.112	2.896.039	3.127.159	0	0 (	0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	358.114	401.422	417.602	446.042	502.288	522.807
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	18.205	21.930	23.675	25.274	30.445	32.869
Aðrar skammtimaskuldir.....	1.225.862	1.227.833	1.229.760	1.325.789	1.317.760	1.319.687
	4.229.293	4.547.225	4.798.198	1.797.105	1.850.493	1.875.364
Skuldir og skuldbindingar samtals	12.041.091	12.087.381	12.011.690	11.188.838	10.896.972	10.518.822
Eigið fé og skuldir samtals	13.697.928	13.945.919	14.132.089	20.131.389	20.600.668	21.015.245

FJARÐABYGGÐ						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun
	2024	2025	2026	2024	2025	2026
Sjóðstreymisýfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins.....	418.782	182.900	261.862	1.077.290	747.879	792.727
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir	307.782	307.716	318.384	668.130	679.424	706.115
Verðbætur og gengismunur	196.163	90.071	70.219	253.210	135.874	106.867
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	(21.251)	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	2.380	0	0	2.380 (12.000)		0
Tekjuskattur og aðrar breytingar	0	0	0	2.152	0	0
Breyting á skuldbindingum	328.829	318.279	285.781	332.598	322.279	289.781
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	1.253.936	898.966	936.246	2.314.509	1.873.456	1.895.490
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	(1.500)	0	0
Önnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(148.644)	(2)	(2)	(127.868)	(2)	(2)
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	(13.981)	(4.722)	(4.697)	(12.604)	(4.592)	(4.697)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(2.350)	1.972	1.927	37.608 (8.028)		1.927
Afborganir skuldbindinga	(311.742)	(272.637)	(287.326)	(317.132)	(277.537)	(292.226)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(476.717)	(275.389)	(290.098)	(421.496)	(290.159)	(294.998)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	777.219	623.577	646.148	1.893.013	1.583.297	1.600.492
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(527.365)	(525.000)	(475.000)	(1.117.627)	(1.166.000)	(1.095.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	2.750	0	0	2.750	15.000	0
Gatnagerðargjöld.....	33.454	30.000	30.000	33.454	30.000	30.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(102.044)	(50.000)	(50.000)	(102.044)	(50.000)	(50.000)
Langtímakröfur, breyting.....	(55.255)	10.571	10.486	(55.255)	12.228	12.143
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	24.505	47.825	50.916	0	58.154	62.140
Fjárfestingarhreyfingar	(623.955)	(486.605)	(433.599)	(1.238.722)	(1.100.619)	(1.040.718)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	413.646	215.352	208.518	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	27.700	20.000	20.000	27.700	20.000	20.000
Afborganir langtímalána.....	(377.131)	(367.820)	(381.764)	(473.576)	(458.405)	(476.182)
Afborganir leiguskuldbindinga.....	(15.171)	(18.897)	(20.400)	(21.062)	(26.233)	(28.321)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	(2.844)	(23.828)	(25.772)	(2.844)	(58.154)	(62.140)
Fjármögnunarhreyfingar	46.200 (175.192)	(199.418)		(469.782)	(522.792)	(546.642)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	199.464 (38.219)	13.131		184.509 (40.114)	13.132	
Handbært fé (fjárpörf) í ársbyrjun	629.389	617.264	579.045	646.239	619.158	579.045
Handbært fé (fjárpörf) í árslok	828.853	579.045	592.176	830.748	579.045	592.176

11. Sundurliðun sjóða í samstæðu Fjarðabyggðar 2026

Áætlun ársins 2026																	
	Aðal-sjóður	Eigna-sjóður	Þjónustu- stöð	Tækja- stöð	Eignhaldsf Hraun	Samb.svf. á Austurl.	Millifærslur A- hluta	Samtals A hluti	Félags- íbúðir	Fráveita	Hafnar- sjóður	Hitaveita	Vatns-veita	Sorpstöð	Samtals B hluti	Millifærslur AB-hluta	Samtals AB hluti
Rekstrarreikningur																	
Tekjur:																	
Skatttekjur.....	6.568.955	0	0	0	0	0 (162.670)		6.406.285	0	0	0	0	0	0	0	(19.105)	6.387.180
Framlög jöfnunarsjóds.....	1.919.605	0	0	0	0	0	0	1.919.605	0	0	0	0	0	0	0	0	1.919.605
Aðrar tekjur.....	1.568.515	1.498.316	103.214	162.251	363.831	106.500 (2.375.289)		1.427.337	81.301	316.450	1.438.040	286.550	353.750	427.446	2.903.537	(328.606)	3.853.731
